

TILSKIPUN

um

74

11. maí

um breyting á ákvæðum tilskipunar 27. ágúst 1927, um stjórn gjafasjóðs Jóns Þorkelssonar Skálholtsrektors (Thorkillii-sjóðs).

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt 6. gr. laga nr. 17 frá 3. október 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, skipum Vjer svo fyrir sem nú segir, um breyting ákvæða tilskipunar 27. ágúst 1927, um stjórn Thorkillii-sjóðsins.

Gjafasjóði Jóns Þorkelssonar Skálholtsrektors (Thorkillii-sjóði) skal undir yfirumsjón dóms- og kirkjumálaráðherrans stjórnað af þriggja manna nefnd. Í stjórnarnefndinni eiga sæti skrifstofustjórinn í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, fræðslumálastjóri og forstöðumaður kennaraskólans.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 11. maí 1928.

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson,